

Glíman er fyrir alla

Margrét Rún Rúnarsdóttir hjá KSF Herði hlaut þann heiður að vera valin efnilegasta glímukonan 2012. Það hefur sjaldan gerst að bæði kyn sem hafa hlotið þennan titil séu valin frá sama félaginu.

— sjá bls. 21



Fékk fyrstu saumavélina í stúdentsgjöf

Bolvíkingurinn Fríða Rúnarsdóttir, textílkennari á Ísafirði hefur undanfarin ár unnið að eigin hönnun og fengið verðskuldaða athygli fyrir áhugaverða og frumlega hönnun. Hún hefur m.a. töskur og armbönd úr leðri, hálskraga úr kanínuskinni og slaufur úr fiskroði. Fríða fékk sína fyrstu saumavél í stúdentsgjöf og hefur verið að síðan.

— sjá bls. 16



Óháð fréttablað á Vestfjörðum **BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 7. mars 2013 · 9. tbl. · 30. árg. · Ókeypis eintak

Brælustopp!



Stefnir ÍS kom til hafnar á Ísafirði á sunnudag vegna brælu. Skipverjarnir Marteinn Svanbjörnsson, Tryggvi Svanbjörnsson, Halldór J. Egilsson og Pétur Birgisson, skipstjóri brostu í kampinn er þeir lögðust að bryggju.



Vantar þig íbúð til leigu?

Hafðu samband sími: 456 6600



Bátur mánaðarins aðeins

439 kr.



SUBWAY
alltaf ferskt

Opið virka daga: 10 til 22
helgar: 11 til 22

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á EBOX.IS

eBOX
auðveldar smásendingar



Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR



eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

EIMSKIP
eBOX

Eimskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

Fjárfesta fyrir þrjá milljarða á Vestfjörðum

Heildarfjárfestingar Landsnets á Vestfjörðum er um þrjú milljarðar króna, sem eru mun hærri fjárhæð en veitt er til annarra svæða. „Það fer því fjarri að Landsnet setji Vestfirði í bið hvað verkefni varðar. Landsnet hefur mótað ákveðna stefnu í málefnum Vestfjarða sem unnið er eftir með það að markmiði að styrkja innviði Vestfjarðakerfisins og auka afhendingaröryggi, enda er brýnt að bæta þar úr,“ segir Þórður Guðmundsson, forstjóri Landsnets, um þær framkvæmdir sem Landsnet hefur á sínum snærum á Vestfjörðum.

Dæmi um þau verkefni sem Landsnet hefur unnið að undanfarin ár og ljúka á við á næsta ári eru lagning 66 kV jarðstreng milli Bolungavíkur og Ísafjarðar, bygging nýrrar spennistöðvar utan snjóflóðasvæða á Ísafirði, bygging nýrrar spennistöðvar



Landsnet framkvæmir fyrir um þrjá milljarða á Vestfjörðum sem er meira en veitt er til annarra svæða.

utan snjóflóðasvæða í Bolungavík, bygging 10 MW sjálfvirkar/sjálfræsandi díselstöðvar í Bolungavík, styrking og endurbygging á Tálknafjarðarlínu, athugun á nýjum spennu í Mjólka, styrk-

ingar á Vesturlínu, styrking Bolungarvíkurlínu á Hestakleif og endurnýjun allra varna á 66 kV línunum.

Þórður segir að mikilvægast sé fyrir fjórðunginn að auka orku-

vinnslu innan hans þar sem óraunhæft sé að byggja nýja Vesturlínu í nágrenni framtíð. Orkubú Vestfjarða hefur unnið að því að stækka virkjanir sínar og þó ekki sé um miklar stækkunar ræða

þá bætir þetta ástandið umtalsvert og gefur aukin tækifæri til að tryggja órofna raforkuafhendingu innan svæðisins eftir útleysingu Vesturlínu að sögn Þórðar.

– hordur@bb.is

Stórtónleikar Fjallabráðra á skírdag

„Þetta verður bara frábær helgi og þessir tónleikar koma til með að auka við tónlistarflórana,“ segir Halldór Gunnar Pálsson kórstjóri Fjallabráðra en kórinn mun halda stórtónleika í Íþróttahúsinu á Torfnesi ásamt lúðrasveit Vestmannaeyja á skírdag. Sem kunnugt er fer tónlistarháttíðin Aldrei fór ég suður fram um páskahelgina á Ísafirði. Þetta

verður ekki í fyrsta skipti sem kórinn vinnur með lúðrasveitinni, en síðustu tvö ár hefur kórinn sungið með lúðrasveitinni á Þjóðháttíð í Eyjum. Í nóvember héldu kórinn og lúðrasveitin tónleika í Háskólabíó og segir Halldór Gunnar að þá hafi sú hugmynd kviknað að fara vestur með tónleikana.

„Þegar ég vaknaði daginn eftir

tónleikana í nóvember hugsaði ég. Við verðum að gera þetta fyrir vestan,“ segir Halldór. „Segja má að páskahelgin sé þjóðháttíð okkar Vestfirðinga enda er Aldrei fór ég suður í fullum gangi alla helgina. Lúðrasveitin tók vel í þetta plan og við ákváðum að skella okkur vestur,“ segir Halldór en eins og gefur að skilja er mikið umstang í kringum tónleik-

ana. „Við verðum með 40 feta gám meðferðis fullan af hljóðfærum. Annars sjá allir um að koma sér sjálfir vestur.“

Ýmsir styrktaraðilar aðstoða við tónleikana og segir Halldór það fyrst og fremst gert til að hægt sé að stilla miðaverði í hóf. „Það mun kosta 2500 kall inn á tónleikana en eins og gefur að skilja er mikill kostnaður sem felst í því að ferja þennan mannskap og þeirra hljóðfæri vestur,“ segir Halldór, en tónleikarnir verða gríðarlega umfangsmiklir þar sem áætlað er að yfir 110 manns verði á sviðinu í einu.

Ein aðalástæðan fyrir tónleikunum og samstarfi kórsins og lúðrasveitarinnar er Þjóðlagið svokallaða, verkefni sem Halldór Gunnar setti af stað fyrir tæpu ári. Verkefnið gengur út á að hljóðrita raddir sem flestra landsmanna í laginu Ísland, sem Halldór Gunnar samdi. „Lúðrasveit

Vestmannaeyja leikur einmitt í þessu lagi og er óhætt að fullyrða að það verður kláralega hápunktur tónleikana þegar lagið verður flutt í heild sinni þar. Einnig verður þar sýnt myndband við lagið sem unnið hefur verið að jafnhliða laginu en það verður sýnt á risatjaldi sem komið verður upp á Torfnesi,“ segir Halldór Gunnar.

Fjallabráður og lúðrasveit Vestmannaeyja hafa unnið saman í nær þrjú ár og komið fram saman á Þjóðháttíð síðastliðin tvö ár og náði sú samvinna hámarki á síðustu Þjóðháttíð þegar hópurinn flutti Þjóðaháttíðarlagið 2012, „Þar sem hjartað slær“, en lagið samdi Halldór Gunnar Pálsson kórstjóri. Texta samdi Magnús Þór Sigmundsson og forsöngur var í höndum Sverris Bergmann, en þeir félagar munu koma fram með kórnum og lúðrasveitinni á skírdag. – gudmundur@bb.is

Húsasmiðjan/Blómaval leitar að metnaðarfullum og þjónustulundum starfskrafti í verslun okkar á Ísafirði.

Um er að ræða fullt starf, byrjunardagsetning er samkomulagsatriði.

Ábyrgðarsvið

- Sala og þjónusta við viðskiptavinum
- Aðstoð í Blómavali eftir þörfum
- Vöruframsetning

Hæfniskröfur

- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Sköpunarhæfileikar
- Samskiptahæfni

Umsóknir berist fyrir 14. mars n.k. til Jóhannesar Kristjánssonar johkri@husa.is Húsasmiðjan Holtagörðum, 104 Reykjavík Öllum umsóknum verður svarað.



ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SIDAN 1956

Húsasmiðjan leggur metnað sinn í að veita fyrsta flokks þjónustu og hafa gott aðgengi að vörum sínum og starfsfólki. Það sem einkennir starfsmenn Húsasmiðjunnar eru eftirfarandi gildi:

Metnaður Þjónustulund Sérþekking



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma

Sigríður Salvarsdóttir
tyrrum húsfreyja í Vigur

Iést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði föstudaginn 1. mars.
Útför hennar fer fram frá Ögurkirkju laugardaginn 9. mars kl. 11:00.

Hafsteinn Hafliðason lóunn Óskarsdóttir
Björg Baldursdóttir
Ragnheiður Baldursdóttir Óskar Óskarsson
Bjarni Baldursson
Salvar Baldursson Hugrún Magnúsdóttir
Björn Baldursson Ingunn Ósk Sturludóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Suðvestan kaldi og stuð

Vík er heilsárs hettupeysa frá 66°NORÐUR. Polartec® flísefnið er físlétt, teygist á fjóra vegu og þornar eins og skot. Vík má nota vetur, sumar, vor og haust, ýmist undir úlpu eða hreinlega við stuttbuxur.

23.500 kr.



Sölustaðir 66°NORÐUR á Ísafirði:
HV Umboðsverslun (sjófatnaður)
Hafnarbúðin (útvistarfatnaður)



FYRIR STERKAR OG HREINAR TENNUR



**TYGGÐU
EXTRA**
EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ

Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylytols sem aðalsætuafnis í tyggigúmmil



Arngerðareyri í Ísafirði er líklega eitt af þeim eyðibýlum sem skráð verða í verkefninu Eyðibýli á Íslandi.

Eyðibýli á Vestfjörðum skráð

„Þetta er framhald á verkefni sem búið er að standa yfir undanfarin ár og heitir Eyðibýli á Íslandi en það er rannsóknarverkefni sem smám saman nær yfir allt landið. Það nær nú þegar yfir helming landsins, við höfum lokið við að kanna Norðurland eystra, Vesturland og stóran hluta af Suðurlandi,“ segir Gísli Sverrir Árnason, menningarráðgjafi og annar af tveimur umsýslarmönnum verkefnisins ásamt Sigbiri Kjartanssyni arkitekt.

„Við ætlum að halda áfram og stefnt er að því að skoða Vestfirði í sumar, þeir eru efstir á blaði. Afraksturinn er gefinn út í bók-

arformi og komin eru út þrjú bindi sem heita Eyðibýli á Íslandi 1, 2 og 3. Þetta er háð fjármagni og tíma en ef okkur tekst einnig að komast á Norðurland vestra í sumar á ég von á að út komi tvö bindi í haust, Vestfirðir í öðru og Norðurland vestra í hinu. Það ræðst líka af því hvað við finnum mörg hús á hverju svæði. Margir leggja þann skilning í eyðibýli að jörðin sé farin í eyði en við miðum við húsin, hin yfirgefnu íbúðarhús sem ekki eru lengur í notkun. Við höldum okkur við sveitirnar og tökum aðeins íbúðarhúsin,“ segir Gísli um verkefnið sem liggur fyrir í sumar.

Háskólanemar hafa verið ráðnir á hverju sumri til að ferðast um sveitir landsins. Í fyrra voru átta nemendur sem langt voru komnir í arkitektúrnámi við Listaháskóla Íslands og nemendur í fornleifafræði við Háskóla Íslands, fengnir til verksins. Gísli vonast til að ná svipuðum hóp í sumar en þá fara nemendurnir heim að hverri einustu jörð til að sannreyna að þar séu uppi standandi hús sem ekki er verið að nota. Húsin eru skráð eftir ákveðnu kerfi og teknin mikill fjöldi af ljósmyndum sem síðan eru birtar í þessum bókum.

– hordur@bb.is

Ísafjörður meðal fimmtíu fegurstu þorpa Evrópu

Vefsíðan Flootr.info sérhæfir sig m.a. í umfjöllun um vefhönnun og ljósmyndun og leitast síðuhaldarar við að veita hönnuðum, forriturum, bloggum og öðrum áhugamönnum innblástur fyrir sköpunargáfuna. Á dögunum birtir vefsíðan lista yfir 50 fegurstu

þorpin í Evrópu en listinn er settur til höfuð þeim sem telja Evrópu vera að drukna í nútímameningu og ókostum hennar. Eina íslenska þorpið á listanum er Ísafjörður, en nokkur þorp af norðurlöndum má finna á listanum.

Ekki skal fjöllyrt hér um áreið-

anleika þessa lista enda er hann huglægur og einungis settur fram til gamans. Ljóst er þó að af myndunum að dæma er nóg af undanfögrum smáþorpum í Evrópu sem vert er heim að sækja og fellur Ísafjörður vel í þann flokk.

– gudmundur@bb.is

Fíkniefnabrotum fjölgar

Ríflega 11% allra fíkniefnabrota héraðs í síðasta mánuði voru framin á sameiginlegu svæði Vesturlands og Vestfjarða. Um er að ræða umtalsverða fjölgun mála frá síðustu mánuði, en samkvæmt upplýsingum frá Hlyni Snorrassyni yfirlögglu-

þjóni lögreglunnar á Vestfjörðum er fjölgunin í þessum málaflokki aðallega á Vesturlandi. Hlynur segir mikilvægt að almenningur vinni með lögreglunni í þessum málaflokki og komi upplýsingum beint til lögreglumanna eða í upplýsingasíma lögreglunnar.

„Síminn er 800-5005 og er fullri nafnleynd heitið. Það er samfélagslegt verkefni að minnka eftirspurn og eins að minnka framboð á fíkniefnum,“ segir Hlynur. Flest fíkniefnabrot voru framin á höfuðborgarsvæðinu eða 68%. – gudmundur@bb.is

Samkaup

úrval

góðir grannar

Helgartilboð 7. - 10. mars

samkaupurval.is



30%
afsláttur

verð áður 1.989 kr

1.392 kr/kg

1/2 lambahryggur m/mjöðm
frá kjötvinnslu Kaupf. Skagfirðinga

...sjá uppskrift

Einfalt og gott!

"Súrsætir
svínaskankar
í rauðvíni"

samkaupurval.is

FRÁBÆRT
VERÐ!

Úrvals
svínaskankar

úr kjötborði eða pakkaðir ferskir

verð áður 498 kr

299 kr/kg



verð áður 3.298 kr

2.474 kr/kg

Frosin stórlúða 1.fl.



37%
afsláttur

verð áður 1.898 kr

Úrvals svína-
kótelettur 1.196 kr/kg

úr kjötborði eða pakkaðar ferskar



40%
afsláttur

verð áður 1.098 kr

659 kr/kg

Mexíkó-kjúklingaleggir
frá ísfugli



...sjá uppskrift

Einfalt og gott!

"Ferskt
jarðarberja-
salat"

sam

Jarðarber 250g

299 kr/pk

verð áður 598 kr

50%
afsláttur

Skráðu þig á póstlistann á samkaupurval.is

Þ&O Birt með fyrirvara um prentvillur.



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
 Sigurjón J. Sigurðsson
Blaðamenn: Guðmundur B. Þorbjörnsson, guðmundur@bb.is
 Hörður Andri Steingrímsson, hordur@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfirðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Vaknað af vondum draumi

Svo virðist sem margir hafi aðeins rumskað við hrúnið 2008, og séu enn, smátt og smátt, að vakna. Ítrekað standa menn nuddandi augun yfir áratuga vanrækslu, fákunnáttu og skammsýni. Dæmi: Varla hefur húsnæði margra deilda Landspítalans fúnað niður síðan í lok árs 2008, svo það heldur hvorki vatni né vindi og/eða mest allur tækjabúnaður sjúkrahússins þá fyrst bilað? Hví rann allt góðærið hjá án þess að fingri væri lyft til lagfæringa á húsi eða tækjakaupa?

Eftir áratuga baráttu Vestfirðinga fyrir bættu vegasambandi, innan fjórðungsins og við þjóðvegakerfið (Vestfirðir ekki taldir hluti Íslands þegar hringvegurinn var kortlagður) var þeim sagt, fyrir fáeinum miss-erum, að nú þyrftu þeir ekki að tuða lengur: malbik Reykjavík til Ísafjarðar. (Einbreitt að vísu að hluta í Seyðisfirði.) Íbúum á sunnanverðum Vestfirðum var þó gert að búa við áframhaldandi einangrun og óökufæra vegslóða. Hríslurnar í Teigskógi í fyrrirúmi. (Rétt að minnst 50 ára afmælis holóttu kerruvegarins yfir Dynjandisheiði, haldið hátíðlegt fyrir nokkrum árum að viðstöddum helstu ráðamönnum samgöngumála.)

En íbúar á norðanverðum Vestfirðum voru ekki lengi í paradís fremur en Adam forðum. Malbiks-vegurinn í Djúpinu er farinn að bóligna upp hér og hvar og Vegagerðin sá sig tilneydda til að takmarka þungaflutninga. Talsmaður Vegagerðarinnar undirstrikaði ástandið í sjónvarpsviðtali: Vegakerfið á Vestfirðum (og raunar meira og minna um land allt) er úrelt, komið fram yfir síðasta notkunardag! Meirihluti vegakerfisins þannig byggt, að það afskrifað á 20 til 30 árum! Að auki: vegirnir aldrei hannaðir til bera þá þungaumferð, sem á þá hefur verið beint. (Komu þeir af fjöllum hvað þetta varðar, pólitíkusarnir sem börðust með oddi og egg fyrir því að strandsiglingar voru lagðar af?) Verkefnið framundan sagt risavaxið; augljóslega ekki hjá því komist að forgangsraða. Af langri og biturri reynslu vita Vestfirðingar, öðrum betur, hvað forgangsroðun á máli embættis- og stjórnmalamanna þýðir. Um það ber sagan órækt vitni.

Kannski málið leysist bara með því að afskrifa mistökin?!

Brautryðjandi


Róbert Guðfinnsson er vel að verðlaunum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands kominn fyrir brautryðjendastarf á Siglufirði. Framlag hans til uppbyggingar í bæjarfélaginu er með slíkum stórhug að eftirtekt vekur. Eflaust vegur þýngst hugur mannsins til byggðarlagsins. Í ófáum byggðarlögum á landsbyggðinni, er trúlega lítið í kringum sig og spurt: Hvar er okkar Róbert? BB samgledst Siglufirðingum með að hjá þeim skuli jafn stórhuga maður standa í stafni. *s.h.*

Spurning vikunnar

Ætlar þú á Aldrei fór ég suður?

Alls svöruðu 791.
 Já sögðu 536 eða 68%
 Nei sögðu 255 eða 32%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Sigla beint frá Ísafirði til Bretlands og meginlandsins

Flutningaskip á vegum Samskipa hefja siglingar frá Ísafirði til Bretlands og Hollands með viðkomu í Færeyjum frá og með 18. mars nk. Um er að ræða mikil þáttaskil í sjóflutningum til og frá Íslandi þar sem um nýja siglingaleið er að ræða og ljóst er að þetta er mikilsvert tækifæri fyrir útflutningsfyrirtæki á Vestfirðum. „Við höfum fundið fyrir mikilli þörf á beinum siglingum frá Vestfirðum og Norðurlandi, m.a. á sjávararfarðum, inn á helstu markaði í Bretlandi og á meginlandi Evrópu. Við grípum nú tækifærið og endurskipuleggjum leiðakerfi okkar. Með þessum breytingum komum við til móts við óskir og þarfir viðskiptavina félagsins,“ segir Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa.

Siglt verður frá Reykjavík til Ísafjarðar, Akureyrar og Reyðar-

fjarðar. Frá Reyðarfirði liggur leiðin til Immingham á Englandi og til Rotterdam í Hollandi, með viðkomu í Kollafirði í Færeyjum. Frá Rotterdam mun skipið halda heim á leið. Fyrsta ferðin verður sem fyrr segir farin frá Reykjavík 18. mars og ætlað er að skipið verði komið aftur til Reykjavíkur 31. mars. Næsta ferð verður farin daginn eftir og svo koll af kolli. Viðkomustöðum hugsanlega fjölgað í framtíðinni.

Að sögn Ásbjörns Gíslasonar forstjóra Samskipa mun nýja siglingaleiðin bjóða upp á nýja og áhugaverða kosti fyrir íslenska og erlenda viðskiptavinum Samskipa. Fyrir fyrirtæki á Vestfirðum ber að nefna innanlandsflutning frá Ísafirði til Akureyrar og Reyðarfjarðar og enn fremur útflutning beint frá Ísafirði til Bretlands, Færeyja og meginlands

Evrópu.

Daníel Jakobsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar fagnar ákvörðun Samskipa. „Það er mjög jákvætt að Ísafjörður sé aftur orðinn útflutningshöfn og skiptir gríðarlegu máli fyrir þau öflugu útflutningsfyrirtæki sem eru á svæðinu. Ég bind miklar vonir við þetta og tel að samkeppnisstaða fyrirtækja hér í kring styrkist mjög við þetta,“ segir Daníel.

Ljóst er að útflytjendur hráefnis á Vestfirðum koma til með að sjá fram á hagræðingu og fjárhagslegan sparnað með þessum nýja útflutningsvalmöguleika, enda komast fyrirtækin nú í beint samband við mikilvægustu markaðssvæði sín í Evrópu. Einnig mun nýja siglingaleiðin að öllum líkindum verða þess valdandi að draga mun úr landflutningum.

– guðmundur@bb.is

Um Sjálfsbjörg á Ísafirði

Það er flestum kunnugt, að erfitt getur verið að halda uppi félagsstarfi á tímum þeirrar yfirþyrmandi afþreyingar, sem nú er í boði á Íslandi. Þetta á ekki síst við um lítil og gömul félög, sem áður fyrr voru stofnuð til að verða að líði fyrir ýmsa þjóðfélagsþópa. Á síðustu áratugum hafa orðið stórstígar framfarir á mörgum sviðum hér á landi, þótt enn sé víða pottur brotinn og nauðsynlegt að halda á lofti kröfum og óskum um frekari úrbætur.

Sjálfsbjörg á Ísafirði var stofnað 29. september 1958 af hópi

fólks, fötludum og fleirum, sem vildi vinna að hagsmunamálum fatlaðra. Atvinnu- og ferlimál voru ofarlega á baugi og var mikil gróska í starfsemi félagsins í áratugi. Félagið var einn stofnenda Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, sem vinnur mikilsvert starf fyrir hreyfihamlaða á Íslandi.

Nú er svo komið að félagar í Sjálfsbjörg á Ísafirði eru færri en við verður unað með góðu móti og því er þessi stutta grein skrifuð, í trausti þess að einhverjir, fatlaðir og ófatlaðir, sem telja að

gagn sé af því að félagið lifi áfram, gerist nýir félagar. Félagið á fasteign í Mjallargötu 1 á Ísafirði, sem gefur því nokkrar tekjur, og innheimtir ekki félagsgjöld. Aðalfundur Sjálfsbjargar á Ísafirði verður væntanlega haldinn í mars n.k. Þeir sem vilja gerast félagar eru beðnir um að senda tilkynningu á m.reynir@simnet.is eða hafa samband við undirritaðann.

Með bestu kveðjum, Magnús Reynir Guðmundsson, form. Sjálfsbjargar á Ísafirði, GSM 893-3783.



KJÚKLINGUR

á góðu verði í Bónus



Vængir **279** kr.kg



Bringur **1979** kr.kg



Leggir **695** kr.kg



ÓDÝRUSTU FROSNU KJÚKLINGA-BRINGURNAR **1579** KR. 900 GR **Í BÓNUS**



Heill ferskur **759** kr.kg



215 KR. KG EUROSHOPPER SYKUR 1 KG Eigum birgðir sem bera ekki nýja sykurskattinn

ISLANDS NAUT 100% HREINT UNG-NAUTAKJÖT



2198 KR. KG



1398 KR. KG



2198 KR. KG



1198 KR. KG

ALI BAYONNESKINKA



185 KR. KG

APELSÍNUR FRÁ SPÁNI



298 KR. KG

SÆTAR KARTÖFLUR FRÁ USA



298 KR. KG

KS FROSIN LAMBAHJÖRTU



198 KR. KG

KS FROSIN LAMBALIFUR



998 KR. KG

FULLELDUÐ RIF, ÞARF AÐEINS AÐ HITTA ALI GRÍSA SPARERIBS

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS KJÖT



1195 KR. KG

KS FROSID LAMBALÆRI

23% svarenda sögðust hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi

„Þetta eru alveg örugglega réttar tölur miðað við rannsóknir sem gerðar hafa verið. Ég held reyndar að þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á Íslandi séu það gamlar að tölurnar séu orðnar hærri í dag. Rannsókn sem var gerð árið 2002 sýndi að ein af hverjum fimm stelpum og einn af hverjum tíu strákum verða fyrir kynferðislegu ofbeldi fyrir átján ára aldur. Ég óttast að tölurnar í dag séu orðnar mun hærri, sérstaklega hvað varðar strákana,“ segir Harpa Oddbjörnsdóttir hjá Sólstofum á Ísafirði um niðurstöður úr spurningu vikunnar á bb.is þar sem 124 af 549 svarendum, eða 23%, sögðust hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Harpa bendir einnig á að bæði karlar og konur hafi getað svarað könnuninni svo hlutfallið er hátt.

Mikil umræða um kynferðislegt ofbeldi hefur verið í samfélaginu undanfarið og er umræðan alltaf af hinu góða að sögn Hörpu. „Eftir að umræðan fór af stað með umfjölluninni í Kastljósi um daginn, og fjölmiðum eftir það,

hefur umræðan á samfélagsmiðlum verið þannig að maður verður meira var við að almenningur sé að tala um þetta og fá útrás fyrir reiðina þar. Við verðum að passa okkur að láta ekki reiðina stjórna umræðunni en það er vand með farið hvaða leið við veljum fyrir útrás fyrir reiðina,“ segir Harpa en hún telur ekki að reiðin skili árangri í baráttunni gegn kynferðislegu ofbeldi.

„Sem foreldrar getum við lagt áherslu á að eiga í góðum og opnum samskiptum við börnin okkar. Einnig verðum við að horfast í augu við þá staðreynd að í flestum tilvikum er gerandinn nákominn fjölskyldu þolanda, einhver sem þolandi treystir, og að ofbeldið á sér oft stað inni á heimili annað hvort gerenda eða þolanda. Tölum við foreldra vinarins ef barnið okkar biður um að fá að gista þar. Hversu vel þekkjum við þá? Verða fleiri en einn fullorðinn einstaklingur heima? Segjum þeim að barnið eigi að fá að hringja í okkur hvenær sem það vill. Ef við erum



Hátt hlutfall svarenda sögðust hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi.

óörugg um hvernig við eigum að tala við börn, unglinga eða fullorðið fólk um þetta málefni eru fjölmörg hjálpartæki til staðar eins og stuttmyndin Fáðu já sem fjallar um kynlíf og samskipti. Hana má sjá á faduja.is. Eins eru

verkfæri fyrir foreldra, unglinga, stofnanir og félagasamtök á heimasíðu Blátt áfram samtakanna eins og teiknimyndin Leyndarmálið - segjum nei, segjum frá!,” segir Harpa.

Einkaviðtöl fyrir þolendur og

aðstandendur þolanda eru alltaf í boði hjá Sólstofum en þar verður oft aukning í viðtölum og nýir einstaklingar koma í viðtöl þegar svona umræða verður að sögn Hörpu. Hægt er að ná í Sólstafi í síma 892 4743. – hordur@bb.is

GRÍMUBALL ÍSFÓLKXSINS OG KFÍ NÚ Á EDINBORG 9. MARS KL 23 TIL 03

Forsala á staðnum



Edinborg
Bistro-Café-Bar

Edinborg dagskrá:

Laugardaginn 16. mars Kittó og Krúttbomburnar 23-03

Laugardaginn 23. mars DJ GLÓ 24-03

Páskadagskrá:

Miðvikudaginn 27. mars DJ Óli Palli frá Rás 2 23-02

Föstudaginn 29. mars Páll Óskar 24-04

Laugardaginn 30. mars Sniglabandið 24-04

Sunnudaginn. 31 mars Sniglabandið og góðir gestir frá Aldrei fór ég suður 24-04



> Öflugri landsbyggð í alfaraleið

Þann 18. mars verða þáttaskil í sjóflutningum af landsbyggðinni þegar Samskip hefja siglingar á nýrri leið sem tengir Akureyri, Ísafjörð og Reyðarfjörð beint við markaði í Evrópu.

Við erum stolt af því að geta boðið innlendum og erlendum viðskiptavinum okkar þann hraða, hagkvæmni og sparnað sem hlýst af greiðari leið vörunnar til viðskiptavinarins.



Sigurður Atlason hvetur ungt fólk til að hasla sér völl í ferðapjónustu. Myndin er frá Rauðasandi.

Vill sjá meira af ungu fólki í ferðapjónustu á Vestfjörðum

„Þótt ferðapjónum á Vestfjörðum hafi fjölgað á undanförunum árum hefur mér þótt vanta ungt fólk inn í greinina. Oftar en ekki eru það sömu aðilarnir sem eru að styrkja stöðu sína eða bæta við sig á þessum markaði en unga fólkið vantar,“ segir Sigurður Atlason formaður Ferðamálasamtaka Vestfjarða. Sigurður kallar eftir frekari aðkomu ungs fólks í ferðapjónustunni enda sé það nauðsynlegt fyrir framgang greinarinnar sem er í miklum vexti, bæði á Vestfjörðum og landinu

öllu. „Ungt fólk á svæðinu hefur menntað sig í ferðapjónustu en það er eins og það skili sér ekki inn í greinina.“

Sigurður er ekki sammála því sem fram kom í frétt DV í vikunni um að gullgrafaraeði hafi gripið um sig í ferðapjónustunni á Íslandi, en samkvæmt upplýsingum frá Ferðamálastofu eru 718 fyrirtæki með ferðaskrifstofuleyfi eða ferðaskipuleggjendaleyfi sem veita heimild til að þjónusta ferðamenn innanlands. Fjöldi slíkra leyfa var 214 árið 2008 og

hefur því fjölgað um rúmlega fimm hundruð á fjórum árum.

„Ferðapjónustan er vissulega í miklum vexti en það er ekki hægt að segja að þessi bransi sé endilega gróðvænlegur. Það er mikill misskilningur að halda að þeir sem eru í ferðapjónustu séu að moka inn fé. Það fylgja því miklar fjárfestingar að vera í þessum bransa og ekki í dýra sjóði að sækja,“ segir Sigurður. Aðspurður um hvort að ekki væri æskilegt að opinberar stofnanir, samtök og jafnvel stjórnvöld stuðluðu

að frekari styrkveitingum í ferðapjónustu segir Sigurður að það myndi hjálpa ungu fólki að koma sér af stað í greininni.

„Það er ekki um neina um styrki sem nokkru nemur að ræða í ferðapjónustunni og það er bagalegt enda mörg verkefni vel styrkhæf. Þetta eru verkefni sem myndu hafa áhrif á samfélagið, t.d. þau sem tengjast menningartengdri ferðapjónustu. Ef hið opinbera hefur einhver tók á því að hvetja og styðja ungt hugmyndaríkt fólk í ferðapjónustu,

ætti það að sjálfsgöðu að vera gert,“ segir Sigurður sem telur nauðsynlegt að ungt fólk komi sér inn í greinina í auknum mæli.

„Við þurfum á því að halda fyrir framtíðina að ungt fólk öðlist trú á því að það geti áorkað einhverju innan ferðapjónustunnar. Ótal tækifæri leynast á Vestfjörðum og því er nauðsynlegt að unga fólkið hasli sér völl þar sem fyrst,“ segir Sigurður Atlason, formaður Ferðamálasamtaka Vestfjarða.

– gudmundur@bb.is

Alþingiskoningar verði til gagns

Lýðræðið kann að vera tvíbent, einkum eftir því hvern skilning kjósendur leggja í orðið sjálf og hvernig þeir takast á við það að nýta sér kosningaréttinn. Stjórn á grunni lýðræðis er okkur Vesturlandabúum að skapi. Við höfum byggt á þessu stjórnsformi um langa hríð, eina til eina og hálfu öld rúmlega þó á Íslandi, allt eftir því hvenær við teljum að Alþingi hið endurreista hafi orðið stjórnþæki okkar Íslendinga. Heimastjórnin er nærri 110 ára gömul og þá hófst stjórn þessa ríkis, reyndar í sambandi við Danmörku. Við teljum okkur hafa farið með okkar mál frá þeim tíma að mestu. En auðvitað undir áhrifum frá Danmörku. Fyrir 95 árum var svo sjálfstæði okkar innsiglað með konungssambandinu einu við Danmörku. Hvort vel hafi tekist á framangreindum tíma er eitthvað sem sagnfræðingar og aðrir kunna að deila um lengi enn. Þó verður að muna að Ísland, sem ríki og þjóðin sem þjóð, hefur náð langt fram á veginn á þessum tíma sem liðinn er.

Nú er komið að tímamótum íslenskra kjósenda eina ferðina enn. Nú fáum við að leggja lóð okkar á vogarskálina, reyndar ekki stórt hvert og eitt okkar, en samt höfum við áhrif ef við kjósum svo. Það gerum við með því að mæta á kjörstað og kjósa eða

kjósa utan kjörfundar eigum við ekki kost á því að mæta. Valið hefur aldrei verið meira en nú. Ljóst er að mikil dreifing atkvæða kann að hafa áhrif á það hvernig listar raðast inn á Alþingi. Stefnumskrár skipta máli, en ekki síður hve líklegt það kunni að reynast að þær verði efnar. Yfirboð eru komin fram. Nú skal öllum bjargað, þótt vitað sé að það sé ekki hægt. Til þess þarf peninga og íslenska ríkið er stórskuldugt og það mun taka mörg ár að vinna sig út úr þeim vanda þótt vel sé að spöðunum haldið.

Það skoðun margra, að því miður hafi mátt gera mun betur en tekist hefur til á liðnum fjórum árum. Alls kyns gæluverkefni, sem bíða hefðu mátt þar til fjármál íslenska ríkisins hefðu staðið betur, hafa tekið til sín tíma og krafta stjórnmalamanna og það sem verra er, peninga skattgreiðenda. Með skattgreiðendum er hér fyrst og fremst átt við skattgreiðendur framtíðar, sem borga munu brúsann. En verra er hvernig vegið hefur verið að gjalddeyrisaflandi útvegi þjóðarinnar, bæði sjávarútvegi og ferðaútvegi, með taumlausri skattheimtu sem koma mun í bakið á þessum greinum. Við skulum halda ró okkar og skoða kostina vandlega og meta líkur á efnendum og hagþjóðarinnar. Svo kjósum við 27. apríl næstkomandi þjóðinni til gagns.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vakjð umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



Vertu á verði!

Nú er nóg komið af verðhækkunum

Aðildarfélag ASÍ hvetja landsmenn til að snúast af alefli gegn verðhækkunum. Tökum höndum saman og látum vita af óeðlilegum verðhækkunum með því að senda inn myndir eða tilkynningar á vertuaverdi.is.

Stöndum saman og rjúfum vítahring verðbólgunnar!



Landfyllingar á eyrinni of lágar

„Þær landfyllingar sem farið hefur verið í á undanföllum áratugum eru of lágar. Rannsóknir meistarana í haf- og strandstjórnunarfræðum við Háskóla-setur Vestfjarða sýna að á næstu árum mun flæða yfir þessar fyllingar þegar sjávarstaða er há og veður vont. Þær benda eindregið til að flætt geti yfir landfyllingar síðasta áratugar og það er virkilegt áhyggjuefni. Nauðsynlegt er að setja einhver ákvæði á hæð

húsa yfir sjávarmáli fyrir þær nýbyggingar sem farið verður í. Þær þurfa að vera nægilega háar til að ekki flæði inn í þær byggingar. Það þyrfti að setja þær kvæðir á allar landfyllingar sem byggð verður á. Hæð eyrinnar miðað við hækkanði yfirborð sjávar er stórt mál og miklu meiri vinnu og rannsóknir þarf til að leysa það,“ segir Gísli Halldór Halldórsson formaður Pollgötunefndarinnar svokölluðu en nefndin

fundaði í síðustu viku og á eftir að funda einu sinni enn áður en hún skilar skýrslu til bæjarstjórnar í næsta mánuði.

„Skýrslunni verður pottþétt skilað í næsta mánuði. Verið er að skrapa saman textanum og ganga frá. Nefndin var sátt við innihald skýrslunnar svo nú er bara spurning um frágang. Rætt var um alla helstu þætti á fundinum, fengin var viðbótarsýn svið-

stjóra framkvæmda- og eignasviðs Ísafjarðarbæjar og hafnarstjóra á efni skýrslunnar og það eru mörg mál sem þarf að leysa. Vegagerðin hefur viljað hækka veginn og það er nokkuð einsýnt að það verður að gerast, að minnsta kosti á köflum. Við tókum ekki á því sérstaklega á því á fundinum en horfum aðallega á sjávarfyrirborð eins og það er og til skemmri tíma litð. Við tókum

tillit til hækkanar sjávar en vitum ekki hvernig mál munu þróast í þeim efnum. En við vitum að það er orðið of hátt til að núverandi fyrirkomulag ráði við það. Skýrslan er meira í gleðiefnum, hvernig á að skipuleggja pollinn, bæði til hagsbóta og ánægjuauka fyrir íbúa svæðisins,“ segir Gísli, en niðurstöður skýrslunnar munu liggja fyrir í næsta mánuði.

– hordur@bb.is



Minjastofnun Íslands Styrkir úr húsafriðunarsjóði 2013

Minjastofnun Íslands auglýsir eftir umsóknum um styrki úr húsafriðunarsjóði fyrir árið 2013

Frá og með 1. janúar 2013 tóku gildi ný lög um menningarminjar nr. 80/2012. Með gildistöku þessara laga voru Húsafriðunarnefnd og Fornleifavernd ríkisins sameinaðar í nýja stofnun, Minjastofnun Íslands.

Minjastofnun Íslands úthlutar styrkjum úr húsafriðunarsjóði. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur nr. 182/2013. Sjóðurinn veitir styrki til viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum. Sjóðnum er einnig heimilt að veita styrki til viðhalds annarra mannvirkja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Sjóðnum ber einnig að stuðla að byggingarsögulegum rannsóknum, þar með talið skráningu húsa og mannvirkja, og miðlun upplýsinga um þær.

Umsóknir eru metnar með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis, upprunaleika og tæknilegs ástands ásamt gildis hennar fyrir varðveislu byggingararfleifðarinnar.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, husafriðun.is eða í síma 570 1300. Umsóknarfrestur er til 1. apríl 2013.

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að þær framkvæmdir sem hún styrkir séu viðunandi af hendi leystar og í samræmi við innsend gögn. Bent er á leiðbeiningarit Húsafriðunarnefndar og Húsverndarstofu um viðhald og viðgerðir eldri húsa í Minjasafni Reykjavíkur/Árbæjarsafni.

**Minjastofnun Íslands,
Suðurgötu 39, 101 Reykjavík.**



Vestfirski skatan var þema smiðjunnar.

Vestfirski skatan höfuðþemað

„Ég er rosalega ánægð með þátttakendurna. Allir voru mjög virkir og skiluðu af sér ótrúlega flottri vinnu,“ segir Elísabet Gunnarsdóttir arkitekt og umsjónarmaður tilraunasmíðjunnar Handverk og hönnun, en smiðjan var starfrækt í febrúar. Höfuðþema smiðjunnar var hin vestfirski skata og nýsköpun í gerð söluvarnings fyrir ferðamenn á Vestfjörðum. Þátttakendur í verkefninu voru fjórtán og komu þeir víða að af Vestfjörðum. Að sögn Elísabetar gefur námskeiðið góð fyrirheit. „Sú rannsóknarvinna sem fram fór á námskeiðinu er bara byrjunin á einhverju sem getur vaxið og orðið stærra.“

Kennt var í tveimur tveggja vikna lotum sem hver um sig var

60 kennslustundir. Í fyrri lotunni fengu nemendur innsýn í aðferðafræði hönnuða og handverksfólks auk þess sem þau lærðu að skilgreina ýmis hugtök og nýta sér vinnudagbók til að safna upplýsingum og þróa hugmyndir. Í síðari lotunni nýttu nemendur reynsluna úr fyrri lotunni til að hanna og búa til prufueintök til framleiðslu. Kennt var samkvæmt námslýsingu sem Elísabet vann fyrir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

„Á námskeiðinu gerðu þátttakendur markaðsrannsóknir og kortlögðu Vestfirði með tilliti til markaðssetningar á söluvarningi fyrir ferðamenn. Það kom okkur heilmikið á óvart hversu margir sölustaðir eru í boði á Vestfjörð-

um,“ segir Elísabet en hópurinn endaði með lista upp á 250 sölustaði á Vestfjörðum fyrir söluvarninginn.

Fjölmargin sérfræðingar komu að námskeiðinu og lögð var áhersla á markaðssetningu, gæðaeftirlit og vörubrún. Elísabet segir námskeiðið hafa kveikt áhugavert samtal um nýsköpun í gerð söluvarnings á Vestfjörðum. „Þátttakendur fengust við alls kyns spurningar eins og t.d. hver eru einkenni Vestfjarða. Þar komu fram áhugaverðar hugmyndir eins og t.d. sérvíska,“ segir Elísabet Gunnarsdóttir og bendir á að sjávarútvegur eigi ekki að vera það eina sem einkenni Vestfirði.

– gudmundur@bb.is

Torfnessvæðið uppfyllir ekki kröfur

Þörf er á endurbótum og nýframkvæmdum á íþróttasvæðinu á Torfnesi og umhverfi þess til að svæðið uppfylli kröfur mannvirkjanefndar KSÍ samkvæmt bréfi sem framkvæmdastjóri HSV sendi bæjarráði til umfjöllunar. Breytinga er þörf á neðri hæð Vallarhússins svo hún uppfylli reglugerðir KSÍ fyrir keppnisleyfi fyrir 1. deild karla sumarið 2013. Girðingur vantar umhverfis Torfnessvöll, varamannaskýli og varamark en þessi atriði verða að vera til staðar til að völluminn

uppfylli reglugerðirnar. Auk þess er í bréfinu bent á hagkvæmni við að ráðast strax í annan áfanga á Torfnessvallarstúku, sem inniheldur salernisaðstöðu en hún þarf að vera til staðar til að völluminn uppfylli reglugerðir KSÍ fyrir keppnisleyfi. Hluti vallarins hefur verið girtur með byggingu stúku en það á eftir að ljúka þeirri vinnu fyrir sumarið.

Í bréfinu er leitast eftir stuðningi bæjarins við að klára frágang vallarins til að hann uppfylli öll þau skilyrði sem KSÍ setur fyrir

keppnisvöll í 1. deild og lagt til að ráðist verði sem fyrst í 2. áfanga stúkunnar með salernisaðstöðu og aðgangi fyrir fatlaða sem stenst nútíma kröfur, enda sé það hagkvæmast til lengri tíma lituð. Hingað til hefur verið notast við búningaáðstöðu íþróttahússins á Torfnesi en það felur í sér starfsmannakostnað sem ekki er gert ráð fyrir í miðjum sumarleyfum. Með framkvæmdunum væri óþarft að halda íþróttahúsinu opnu með launuðum starfskrafti.

– hordur@bb.is



LÍNUDANSARI...
ERTU ALVEG VISS?

Undralandið

KOMDU Á
HÁSKÓLADAGINN!
Taktu upplýsta ákvörðun!

HÁSKÓLA
DAGURINN

f/Háskóladagurinn

#hdagurinn

HÁSKÓLADAGURINN
Í MENNTASKÓLANUM
Á ÍSAFIRÐI
FIMMTUDAGINN 14. MARS
KL. 10:30 – 13:00

Gamla kirkjuhúsið í Engidal liggur undir frekari skemmdum

„Ísafirðingar elskuðu þetta hús vegna þess að í því átti fólk margar yndislegar minningar, það gifti sig þarna og kvaddi sína nánustu ættingja þar. Það var ýmislegt reynt til að varðveita kirkjuna. Ein hugmynd var að færa hana niður í Neðstakaupstað og endurbyggja hana í upprunalegri mynd og sleppa þessum þremur viðbyggingum sem síðar komu. Það var einn möguleiki þar sem þar er fullt af gömlum húsum fyrir. Ekki vildu menn það enda kostar þetta allt peninga og aldrei eiga menn neinn aur. Fleiri hugmyndir komu til en allar voru slegnar út af borðinu. Niðurstaðan varð sú að koma timbrinu fyrir í bragga í Engidal þar sem það er enn,“ segir sr. Magnús Erlingsson

sóknarprestur á Ísafirði um afdrif gömlu kirkjunnar sem skemmdist í bruna árið 1987.

Gamla kirkjan var reist á 19. öld en deilur urðu um hvað ætti að gera við hana þegar hún skemmdist í bruna árið 1987. Haustið 1991 var ákveðið að byggja nýja kirkju á gamla kirkjustaðnum og taka gömlu kirkjuna ofan, spýtu fyrir spýtu, og koma kirkjuviðunum fyrir í geymslu enda var þetta gamalt hús og heyrði undir Húsafriðunarnefnd. Timbrið var látið inn í bragga í Engidal veturinn 1991 - 1992 og síðan hefur timbrið verið þar.

„Menn voru ekki sammála um hvað ætti að gera því menn báru sterkar taugar til kirkjunnar. Það

var í raun bara slegið utan um timbrið sem var þarna, þetta hvílir á bunkum þannig að þótt vatn hafi flotið að þessu hefur timbrið ekki legið í vatninu. Örugglega er einhver saggi þarna og þetta er ekki varanleg geymsla. Í raun hefði átt að gera kirkjuna upp ef menn hefðu ætlað að varðveita hana. Það kostaði svolítið fjármagn að rífa kirkjuna spýtu fyrir spýtu og merkja þær allar og ganga frá þeim þannig að hugsanlega mætti nota þær síðar. Flestir sem stóðu að þessu vissu að þetta timbur myndi aldrei verið notað. Þetta vara bara smá vinna fyrir smiðina og sérfræðinginn fyrir sunnan sem vann að þessu,“ segir Magnús.

Menntamálaráðherra þurfti að

gefa leyfi til að taka mætti kirkjuna ofan og því fylgdi það skilyrði að viðir kirkjunnar yrðu geymdir. „Eins og allir vita þarf timbur viðhald og það þarf að lofta um það. Gamalt timbur sem er fúíð, búið að brenna svolítið og sprautu á það vatni til að slökkva í því eld, sem geymt er síðan úti án þess að lofti um það á rökum stað getur það ekki farið nema á einn veg, að það skemmist enn frekar. Þetta er sem sagt geymt þarna, í þessum bragga, og þetta er svolítið skrítið mál satt að segja og alltaf þarf ég að svara fyrir þetta á hverju vori. Þetta er eins og að vera staddur í suður amerískri skáldsögu þar sem alltaf endurtekur sig sama vitleysan. Menntamálaráðuneyt-

ið ætti í raun að svara fyrir þetta, ekki ég, þeir ákváðu að hafa þetta svona,“ segir Magnús.

Ástand timbursins var ekki glæsilegt fyrir brunann. Söfnuðurinn fékk arkitekt til að meta kirkjubygginguna, Þorstein Gunnarsson leikara og arkitekt, sem mikið hefur komið að varðveislu gamalla húsa. Með honum var verkfræðingur og þeirra niðurstaða var sú að húsið hafði ekki mikið varðveislugildi því húsið var smiðað af vanefnum. „Menn verða annað hvort að varðveita kirkjuna eða ekki. Það er ekki gert og þetta er einhvers konar millileikur. Eftir því sem tíminn liður eru minni líkur á að þetta gerist nokkurn tímann. Það segir sig eiginlega sjálft,“ segir Magnús.

Bjartsýni hjá ferðapjónustuaðilum

„Þessi könnun endurspeglar viðhorf ferðapjóna á Vestfjörðum og er óhætt að segja að nokkur bjartsýni ríki í greininni miðað við niðurstöðurnar,“ segir Jón Páll Hreinsson verkefnastjóri hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða, en félagið gerði á dögum viðhorfskönnun meðal aðila í ferðapjónustu á Vestfjörðum. Niðurstöður könnunarinnar eru athyglisverðar en þar kemur m.a. fram 80% svarenda töldu að ferðamönnum hefði fjölgað á

síðasta ári miðað við árið 2011 og 60% þeirra þeirra töldu tekjar sínar hafa aukist árið 2012 frá árinu áður. „Niðurstöður könnunarinnar staðfesta þá ánægjulegu þróun sem hefur átt sér stað í ferðapjónustunni á Vestfjörðum á undanfönum árum,“ segir Jón Páll.

Könnunin var send á netföng 170 aðila á póstlista Markaðsstofu Vestfjarða og var svarhlutfall 30%. Markmið könnunarinnar var að kanna viðhorf ferðapjóna

á Vestfjörðum til lykilmála sem hafa áhrif á ferðapjónustuaðila jafnt sem að mæla væntingar til komandi sumars. Í niðurstöðum könnunarinnar kemur fram að 44% aðspurðra ferðapjóna eiga von á aukningu ferðamanna árið 2013 og 40% þeirra töldu ferðasumarið á síðasta ári hafa verið lengra en sumarið áður. Jón Páll segir þessar tölur gefa jákvæð fyrirheit. „Það segir sig sjálft að ef 40% ferðapjóna telja ferðatímabilið vera að lengjast þá eru

líkur á því að ferðamannatímabilið muni lengjast jafnt og þétt á næstu árum ef fram heldur sem horfir,“ segir Jón Páll.

Niðurstöður könnunarinnar gefa einnig til kynna að 60% ferðapjóna ætli að gera breytingar ár rekstri sínum fyrir næsta sumar, 55% þeirra eru ánægðir með kynningarefni um Vestfirði og 76% þeirra telja samgögnumál vera ábótavant í þjónustu við ferðamenn á Vestfjörðum. 55% ferðapjónustufyrirtækja skilaði

hagnaði á síðasta ári.

Jón Páll segir að könnunin nýtist fyrst og fremst vel fyrir stoðkerfi ferðapjónustunnar, bæði á Vestfjörðum og á landinu öllu.

„Svona kannanir eru góðar fyrir Atvinnuþróunarfélagið, Fjórðungssamband Vestfirðinga, Ferðamálasamtök Vestfjarða, sveitarfélögin á Vestfjörðum, og Ferðamálastofu.“

49 létust á síðasta ári

Alls létust 49 einstaklingar með lögheimili á Vestfjörðum á síðasta ári. Dánartíðni á Vestfjörðum helst í hendur við tíðni undanfarinna ára en 48 einstaklingar létust árið 2011 og 44 árið 2010. Ívið fleiri karlar létust á Vestfjörðum á síðasta ári eða 30 á móti 19 konum. Dánartíðni helst í hendur við fjölda íbúa hvers sveitarfélags, en flestir hinna látnu Vestfirðinga á síðasta ári voru með lögheimili í Ísafjarðarbæ, eða 24.

Átta einstaklingar skráðir til búsetu í Vesturbýggð létust á síðasta ári og sjö í Bolungarvík. Þetta kemur fram í úttekt Hagstofu Íslands um dánartíðni einstaklinga eftir sveitarfélögum, kyni og aldri.



Bílar á götuhornum skyggja á útsýni

„Við erum að vinna að umferðaröryggisáætlun fyrir sveitarfélagið þar sem við skoðum m.a. gangstéttir, götuhorn og fleira í samstarfi við Umferðarstofu. Það er í sjálfu sér fleira en gróður sem er óheppilegur á götuhornum s.s. bílar sem eru oft á tíðum lagt óþarflega nærri götuhornum,“ segir Jóhann Birkir Helgason, sviðstjóri framkvæmda-

og rekstrarsviðs Ísafjarðarbæjar. „Uppbygging á bílastæðum og gatnakerfi Ísafjarðarbæjar er ekki nægilega vel úr garði gert. Margir staðir mættu vera betri hvað varðar merkingar og fleira og þar getum við tekið gatnamót Skipagötu og Aðalstrætis sem dæmi,“ segir Jóhann Birkir.

„Einnig má nefna gatnamót Hafnarstrætis og Austurvegar og

planið við Stjórnsýsluhúsið. Þetta eru staðir með bílastæðum þar sem hægt er að leggja bílum of nærri gatnamótum. Það þarf að mála á götuna eða gera gangstéttina þannig úr garði að bílar komist ekki of nálægt,“ segir Jóhann Birkir. Ekki stendur þó til að ráðast í þessar framkvæmdir á næstunni. „Við vonumst til að gerð umferðaröryggisáætlunar-

innar verði til þess að fjármagni verði veitt í verkefnið og að verkefnum verði forgangshraðað. Við erum að kortleggja þessa hluti og þegar því verður lokið verður fari út í forgangsröðun. Þá setjum við kosnaðarþætti á hvern og einn lið og svo verður hægt að vinna eftir því skipulega á næstu árum,“ segir Jóhann Birkir.

– hordur@bb.is

Vaxtarsamningur Vestfjarða



Vaxtarsamningur Vestfjarða auglýsir eftir umsóknum í verkefni sem hafa eftirfarandi markmið:

Markmið samningsins er að efla nýsköpun og samkeppnishæfni atvinnulífsins á Vestfjörðum og auka hagvöxt með virku samstarfi fyrirtækja, háskóla, sveitarfélaga og ríkisins.

Leiðirnar til þess að ná markmiðum eru eftirfarandi og þurfa verkefni að taka mið af þeim:

1. Efla samstarf fyrirtækja, háskóla og opinberra stofnana um þróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins.
2. Þróa áfram og efla klasasamstarf vaxtargreina svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu á vel skilgreindum styrkleikasviðum.
3. Fjölga samkeppnishæfum fyrirtækjum og störfum og efla framboð á vörum og þjónustu.
4. Stuðla að útflutningi vöru og þjónustu og gjaldeyrisskapandi starfsemi.
5. Nýta möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum.
6. Laða að alþjóðlega fjárfestingu og þekkingu.

Sérstök áhersla er lögð á klasaverkefni í sjávarútvegi og í menningartengdri ferðaþjónustu. Fyrir nánari upplýsingar um klasa er bent á heimasíðu Vaxvest (www.vaxvest.is) og þar er einnig að finna nánari upplýsingar fyrir umsækjendur.

Nánari upplýsingar og ráðgjöf varðandi umsóknir og verkefni veitir framkvæmdastjóri Vaxvest, Shiran Þórisson (shiran@atvest.is).

Umsóknarfrestur er til 18. mars næstkomandi.



Vaxtarsamningur
Vestfjarða



Fékk fyrstu saumavélina í stúdentsgjöf

Á neðstu hæð íbúðarhússins á Hnífsdalsvegi 1 á Ísafirði er að finna saumastofu Fríðu Rúnarsdóttur, en þar hefur textílkennarinn Fríða unnið að sinni eigin hönnun undanfarin ár. Fríða hefur fengið verðskuldaða athygli fyrir áhugaverða og frumlega hönnun, en hún hefur meðal annars töskur og armbönd úr leðri, hálskraga úr káinuskinni og slaufur úr fiskroði. „Ég hef alltaf haft mjög gaman af því að sauma og saumað síðan ég man eftir mér,“ segir Fríða en hún fékk sína fyrstu saumavél í stúdentsgjöf frá foreldrum sínum fyrir rúmum 20 árum. Hringiðan ræddi við Fríðu í vikunni um saumaskapinn og framtíðaráhorfin.

Fríða hefur kennt textílmenn við Grunnskólann á Ísafirði frá árinu 2001. Fljótlega eftir að hún hóf kennslu skráði hún sig í fjarnám í kennaranámi og útskrifaðist árið 2005. Fríða hefur alltaf haft áhuga á saumaskap. „Frá því að ég eignaðist fyrstu saumavélina hef ég unnið að eigin hönnun og tekið að mér hin ýmsu verkefni. Ég hef mjög gaman af því að hana sauma síðkjóla en það er sérstakt áhugaefni,“ segir Fríða en hún hefur unnið að eigin hönnun á vinnustofu sinni á Hnífsdalsvegi samhliða kennslunni undanfarin ár.

Frá árinu 2008 hefur Fríða



m.a. hannað töskur, armbönd, hálskraga og slaufur sem vakið hafa mikla eftirtekt. „Ég var búin að vera lengi heilluð af leðri og roði. Því ákvað ég að skella mér á námskeið í Hvítlist hjá Signýju Ormarsdóttur og þá fór boltinn að rúlla,“ segir Fríða en upp úr því fór hún að hanna armbönd úr leðri og fiskroði. „Síðan færði ég mig yfir í töskurnar og slaufurnar.“

Áður en hún hóf að vinna með leðrið og fiskroðið vann Fríða mikið í þæfingu á ull. „Ég þæfði bæði sjöl og töskur sem voru til sölu á Hótel Ísafirði og hjá Ófeigi gullsmiði fyrir sunnan,“ segir Fríða en hún vann töskurnar í samstarfi við Dýrfinni Torfadóttur gullsmið.

Slaufur Fríður úr fiskroði eru ein vinsælasta hönnun hennar en þær seljast mest ásamt hálskrögum úr káinuskinni. „Þetta eru klárlega þær vörur sem seljast mest. Hægt er að fá slaufurnar í mismunandi litum og úr mismunandi roðum. Einnig er hægt að fá

hálskragana í mismunandi litum,“ segir Fríða en vörur hennar eru til sölu í Rammagerðinni á Ísafirði. „Salan kemur í kippum. Langmest selst fyrir jólin en einnig slatti á sumrin.“

Fríða vinnur nú einnig að hönnun úr hreindýraskinni, en eiginmaður hennar lét verka skinn af dýri sem hann skaut fyrir áramót. „Þetta er ótrúlegt efni og ýmislegt hægt að gera við það,“ segir Fríða en hún tekur einnig að sér að vinna sérstök verkefni fyrir einstaklinga. „Ég reyni þá að vinna hönnunina með viðskiptavininum. Bróðir minn hefur t.d. óskað eftir því að ég geri fyrir hann axlabönd úr fiskroði. Ætli það verði ekki bara næst,“ segir hún og hlær.

Aðspurð um hvort draumurinn sé að sinna hönnuninni sem fullu starfi segir Fríða að svo sé. „Það er vissulega framtíðarmarkmiðið og ég vona að það verði að veruleika. Ég vona að eftir svona tíu ár verði ég í fullu starfi við að vinna að eigin hönnun, það er draumurinn.“





Auglýsing um kosningu til stjórnar Verkalýðsfélags Vestfirðinga til tveggja ára

Samkvæmt 15 gr. laga Verkalýðsfélags Vestfirðinga um stjórnarkjör er auglýst eftir listum eða tillögum um einstaklinga í stjórnarsæti vegna kjörs stjórnar og trúnaðarmannaráðs fyrir starfsárin 2013 til 2015 að viðhafðri allsherjar atkvæðagreiðslu.

Samkvæmt því ber að skila lista skipuðum formanni, varaformanni, gjaldkera, ritara og fjórum til vara ásamt 30 einstaklingum í trúnaðarmannaráð. Tveimur skoðunarmönnum reikninga og tveimur til vara, eða tillögum um einstaklinga í eitthvert, einhver eða öll stjórnarsætin sem kjósa skal til samkvæmt lögum félagsins. Hverjum framboðslista eða tillögu skulu fylgja meðmæli minnst 25 fullgildra félagsmanna.

A-listi, sem er tillaga trúnaðarráðs, liggur frammi á skrifstofu félagsins og er einnig aðgengilegur á heimasíðu félagsins www.verkvest.is.

Listum eða tillögum ber að skila til formanns kjörstjórnar hjá skrifstofu félagsins Pólgötu 2, Ísafirði eigi síðar en kl. 12:00 á hádegi föstudaginn 15. mars 2013.

Ísafirði 1. mars 2013,
Trúnaðarráð Verkalýðsfélags Vestfirðinga.

„Við vorum að taka gólfíð í gegn í viðbyggingunni og þessi blöð lágu undir fjölnum. Viðbyggingin var byggð um svipað leyti og blöðin komu út svo líklegast hafa þau verið notuð til einangrunar,“ segir Anna Ólafía Hafsteinsdóttir íbúi við Fjarðarstræti á Ísafirði en hún fann á dögnum gömul eintök af

smáar

Barnapössun! Við erum tvær ungar stelpur sem langar endilega að passa börn á aldrinum 1-6 ára. Við erum 12 ára ogerum alltaf lausar. Uppl. gefa Nikóla í síma 849 2295 og Gabríela í síma 772 3927.

Óskum eftir söngfólki í allar raddir hjá kirkjukór Bolungarvíkur. Allar upplýsingar gefur Guðrún B. Magnúsdóttir í símunum 456 7425 og 898 1142.



Fann gömul dagblöð undir gólfefninu

Þjóðviljanum þegar hún fjarlægði gólfjalir í viðbyggingu húsnæðis síns. Blöðin virðast hafa verið notuð til einangrunar í viðbyggingu hússins sem reist var á stríðsárunum, en húsið sjálft var byggt árið 1907.

Blöðin eru frá árunum 1944 og 1946 og er ýmislegt fróðlegt að finna á síðum þess. Önnur forsiðan er frá 15. ágúst 1944 og greinir frá tilraunum bandamanna til að innikróa herdeildir nasista í Norður-Frakklandi. Í öðru

blaði má finna ávarp frá Alþjóðasambandi verkalýðsins þann 1. maí 1946. Þar má fá m.a. finna fögur orð sem blása hinni vinnandi alþýðu von í brjóst, nú í dag sem endranær:

„Hið vinnandi mannkyn,

sem eftir hörmungar undan- genginna styrjalda elur vonina um betra líf og bjartari framtíð, sér í samtökum sínum þann mátt, er megnar að láta hinar björtustu vonir ræstast.“ Blöðin hafa verið afhent Safnahúsinu til varðveislu.

Sælkeri vikunnar er Jóna Kristín Kristinsdóttir á Ísafirði

Sexí morgunþeytingur og fiskisúpa

Þessir réttir eru góðir og vinsælir á mínu heimili og eru bæði fljótlegir og hollir. Sexí morgunþeytingur sem er stútfullur af næringu og orku fyrir daginn, fiskisúpan með heima-bökuðu brauði er góð og holl og hægt að leika sér með hráefnið og að lokum er það Dill- onskaka með karramellusósu, sæt og góð með kaffi.

Sexí morgunþeytingur Þorbjargar

2-3 dl. soja- eða hrísmjólks
3 msk. kaldpressuð hörfræ-
olía
1 tsk. kanilduft
smá rifinn sítrónubörkur og safi
3 msk. hreint mysuprótein
1 banani
150-200 gr. aðalbláber
Allt hráefnið sett í blandara og þeytt þar til blandan er silkimjúk. Hellt í glas og njótið!

Frábær fiskisúpa

1 kg. Fiskmeti frá fiskbúð Sjávarfangs, til dæmis ýsa, skötuselur, steinbítur, kólí eða lúða. Síðan er ómissandi að hafa rækjur frá Kampa. Ég nota

yfirleitt 2-3 tegundir af fiski og rækjur.

2 hvítlauksrif
1 stór laukur
1/2 þúrrulaukur
2 - 3 stíllkar sellerí
1 rauð paprika
2 - 3 gulrætur
1 krukka hakkaðir niðursoðnir tómatar
1/2 flaska Chilisósa
1 peli rjómi (meira ef maður vill)
1 lítri "Oscars" fiskisoð karrý de luxe (Pottagaldrar) tabaskó sósa (4-6 dropa) grænmetiskraft
hvítlauksduft
fiskikrydd frá pottagöldrum (ef maður vill)
Hvítlauksrifin marin og laukur og þúrta saxaður gróft. Slatti af karrýi hitað í olíu á þönnu örskamma stund og laukur og þúrrulaukur settur út í og látið krauma smá stund. Hellt í pottinn sem maður ætlar að elda súpuna í. Sellerí, paprika og gulrætur hreinsað og skorið í bita, steikt á þönnunni og hellt í pottinn.

Fiskisoðið búið til og hellt út í. Tömötunum og chilisósu hellt í. Suða látin koma upp. Kryddað með karrýi, tabaskósósu, grænmetiskraft og hvítlauks-dufti.

Rjóma hellt út í og smakkað enn frekar til með kryddinu. Síðan er fiskurinn settur í (eftir að hann hefur verið skorinn í litla bita) og látinn sjóða í ca. 3 mínútur og rækjur settar út í síðast og láttnar hitna í súpunni.

Gló brauð

2 1/2 dl gróft spelt
2 1/2 dl fínt spelt
1 dl sesamfræ
1 dl sólblómafræ
1 dl kókosmjöl
1 dl saxaður hnetur
1 msk vínsteinslyftiduft
1/2 tsk salt
2-3 msk hunang
2-2 1/2 dl sjóðandi vatn
1 msk sítrónusafi
Hitid ofninn í 180°C, blandið þurrefnunum og hunangi saman í skál og hellið vatni og sítrónusafa úti og hrærið þessu saman, skiptið í tvennt, setjið í 2 meðal-
stór smurð form eða 1 í stærra lagi. Bakið við 180°C í um 30 mín.

Dillonskaka

235 g döðlur
1 tsk matarsódi
120 g mjúkt Smjör
5 msk sykurl
2 egg



1 1/4 bolli hveiti (3 dl)
1/2 tsk salt
1/2 tsk vanilludropar
1 1/3 msk lyftiduft

Sósa/krem:

120 g smjör
115 g púðursykur
1/2 tsk vanilludropar
1/4 bolli rjómi

Setja smátt skornar döðlurnar í pott og láta vatn fljóta yfir. Láta suðuna koma upp, slökkva á hitanum og láta döðlumaukið standa í pottinum í nokkrar mínútur, bæta matarsódanum út í pottinn. Þeyta smjör og sykurlmjög vel saman, bæta síðan

eggjunum saman við einu í einu, þeyta vel og blandið síðan þurrefnunum saman við, ásamt dropunum. Hrærið döðlumaukinu varlega saman við með sleif. Deigið sett í 1 hátt smelluform (1 botn), bakað við 180° í 30-40 mín.

Sósa/krem: Allt brætt saman í potti, smávegis af sósunni er smurt yfir volga kökuna (gera það nokkrum sinnum) afgangur sósunnar borinn fram með kökunni ásamt ís eða rjóma. Ég skora á Benedikt Bjarnason að vera næsti sælkeri vikunnar, hann er snillingur í eldhúsinu og tófrar fram fráberan mat.



**50% afsláttur af
lántökugjöldum**

Það er gaman að fá sér nýjan bíl.

Í mars býður Ergo 50% afslátt af lántökugjöldum bílalána og bílasamninga þegar þú fjármagnar kaup á bíl. Það gildir einu hvort bíllinn kemur beint úr kassanum eða er kominn með reynslu.

Við aðstoðum þig með ánægju!

Suðurlandsbraut 14 > sími 440 4400 > www.ergo.is > ergo@ergo.is

ergo 



Halda áfram á með- an þær eru sprækar

Guðríður Sigurðardóttir og Rannveig Pálsdóttir hafa verið með leikfimitíma í íþróttahúsinu við Austurveg í

35 ár.

Hvæær byrjaði þetta allt saman og af hverju?

Við byrjuðum með leikfimitíma árið 1978 og höfum verið að allar götur síðan.

Hversu margar eruð þið á æfingum?

Við erum svona tuttugu til tuttugu og fimm.

Er einhver sem hefur verið með frá byrjun?

Það er ein hjá okkur ennþá frá því að við byrjuðum upphaflega.

Hvað ætlið þið að halda áfram lengi?

Á meðan við erum svona sprækar eins og við erum og konurnar duglegar að mæta til okkar þá höldum við áfram.

Mega karlar vera með?

Það hefur nú aldrei komið til þess að karlar vilji vera með okkur.

Er alltaf nóg pláss í tímanum?

Já, það er pláss á meðan húsrúm leyfir. Við höfum eiginlega alltaf verið í íþróttahúsinu við Austurveg sem rúmar þó nokkuð margt fólk. Við vorum með yfir fjöru tíu konur þar þegar við vorum bara einar á "markaðinum".

Notið þið tónlist í tímunum? Hefur tónlistarsmekkurinn hjá ykkur breyst frá byrjun?

Við höfum alltaf verið með tónlist í tímunum. Fyrst keyptum við allar safnplötur sem komu út og notuðum lög úr þeim sem hentaði því sem við vorum að gera, og tókum þau svo upp á kassettur. Þá

purftum við að taka tímann upp eins og við ætluðum að hafa hann, eins og t.d. lög sem passaði við upphitun o.s.frv. Svo fórum við að kaupa erlendis frá og þá gat maður valið ákveðinn hraða á tónlist sem er mikill kostur. Núna kaupum við á netinu hjá aðilum sem útbúa tónlist fyrir líkamsræktarstöðvar.

Notið þið eitthvað af sömu músíkinni og þið notuð í upphafi?

Við notum kannski ekki sömu músíkina. Við erum með tónlist af svokölluðum sixties, seventies, eighties, nineties safndiskum o.fl. Þar koma kannski fyrir lög sem við notuðum áður fyrir.

Breytast æfingarnar frá ári til árs?

Æfingarnar sjálfar breytast kannski ekki svo mikið, þó koma öðru hvoru einhverjar áherslubreytingar.

Hvæær og hvar hittist þið?

Við erum með tíma í íþróttahúsinu við Austurveg tvisvar í viku. Á mánudögum og fimmtudögum kl. 17:00.

Hentar leikfimin öllum?

Við höldum það já.

Hvers konar æfingar gerið þið?

Æfingarnar eru fjölbreyttar og alhliða fyrir flesta vöðvahópa. Við leggjum áherslu á styrk, þol og liðleika. Við erum með erobik, stöðvapjálfun, tröppupjálfun, skorpupjálfun, notum lóð, æfingar fyrir maga, rass og læri o.fl." segja þær stöllur.

HEILBRIGÐISSTOFNUN VESTFJARÐA

Ræstingastjóri

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða auglýsir eftir ræstingarstjóra til starfa sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi. Um er að ræða 50% starf.

Aðal verkefni er umsjón með starfsmannahaldi og gæðaeftirliti á ræstingadeild ásamt sérverkefnum. Gerð er krafa um reynslu og vandvirkni og lipurð í samskiptum. Tölvukunnátta æskileg.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Verkalýðsfélags Vestfirðinga og stofnanasamningi. Nánari upplýsingar gefur Sigrún C. Halldórsdóttir, skrifstofustjóri (camilla@hvest.is), sími 450 4500.

Vinsamlegast sendið umsóknir til Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, Torfnesi, 400 Ísafjarði fyrir 15. mars 2013. Umsóknareyðublað er að finna á vefnum www.hvest.is, undir viðkomandi starfsauglýsingu eða í afgreiðslu á Torfnesi.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning hefur verið ákveðin.



ÍSAFJARÐARBÆR

GARÐYRKJUSTJÓRI

Ísafjarðarbær auglýsir starf garðyrkjustjóra laust til umsóknar.

Nánari upplýsingar um starfið fást í síma 450 8000 eða á www.isafjordur.is.





Glíman er fyrir alla

Margrét Rún Rúnarsdóttir og Birkir Örn Stefánsson glímuiðkendum hjá KSÍ Herði hlutu þann heiður að vera valin efnilegasta glímufólkið 2012. Það hefur sjaldan gerst að bæði kyn sem hafa hlotið þennan titil séu valin frá sama félaginu. Margrét Rún svaraði nokkrum spurningum.

Hvers konar verðlaun voru þetta sem þið voruð að fá?

Við vorum að fá verðlaun fyrir að vera efnilegasta glímufólk landsins árið 2012 og var það valið af stjórn Glímusambandi Íslands.

Hefurðu verið lengi í glímu?

Ég byrjaði í glímu haustið eftir Unglingalandsmótið sem var þá haldið í Vík í Mýrdal árið 2005 en ég var ekki orðin nógu gömul til að taka þátt en var þar að horfa á Binna bróður minn að keppa. Um haustið þegar að æfingar byrjuðu hjá Herði þá hvatti

Binni mig og Óla bróður til að prófa Glímu. Um leið vissi ég að þetta var íþróttin mín.

Hversu oft í viku æfir þú?

Ég sjálf æfi glímu tvisvar sinnum en reyni að hreyfa mig þar á milli. En svo er ég líka að þjálfa krakka á grunnskólaaldri og geri það þrisvar í viku.

Hvaða þýðingu hefur það fyrir þig að vinna þessi verðlaun?

Mér finnst þetta mjög hvetjandi og þetta fær mig til þess að reyna að gera betur og ná ennþá lengra. Þetta eflir sjálfstraustið og mér finnst ég vera öruggari gegn keppinautum en áður. Ég er stolt af því að kunna þjóðaríþróttina.

Hvernig fékkstu áhugann á glímuni?

Eftir Unglingalandsmótið sem haldið var hér þá byrjaði Binni bróðir að æfa og kveikti það áhugann hjá mér. Þá fórum við fjölskyldan á glímu-

mót viðsvegar um landið og alltaf jókst áhuginn á því að taka sjálf þátt.

Eru margir iðkendur í þín- um aldurshópi? Fer þeim fjölgandi eða fækkandi?

Við erum um sjö hérna á Ísafirði en á nokkrum stöðum á landinu eins og til dæmis á Suðurlandi eru töluvert fleiri iðkendur. Það var fjölgun fyrir nokkrum árum en hefur því miður farið fækkandi aftur.

Er glíman fyrir alla?

Ekki spurning! Gott dæmi um það er að langafi minn Magnús Haraldsson var glímukappi og iðkandi í yfir 40 ár. Sem segir svolítið um það að hægt er að stunda glímuna á öllum aldri. Glíman er styrkjandi og krefst liðleika, góðs jafnvægis og einbeitingu. Iðkendur er kennt að vera heiðarlegir og bera virðingu fyrir sér og öðrum jafnt innan vallar sem utan.

Þjónustuauglýsingar



FJARKINN

4x10 lítra
á 2 sleðum.
Mál: 50 x 38/35cm

Sími: 456 3710
gamarvest.is





Opið
10-18
alla
virka
daga

Hárkompaní

sími 456 6363



Öll almenn húsmíði

Umboðsaðili fyrir
GLERBORG

Bolungarvík
456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is





Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Trésmiður ehf - Magnús Helgi Alfreðsson
húsmíðameistari Austurvegi 7
(verkstæði Suðurtanga) Ísafirði

Símar: 897 6775 / 899 0742
Sími/Fax: 456 4075
Netfang: gistias@snerpa.is



Húsmíði - sérsími - viðgerðir - nýsmíði: T.d. gluggar, hurðir, stigar, húsgögn, hús, físhjallar og trébátar. Öll almenn trésmíði. Geri verðtilboð.



Hreint umhverfi

Þjóðum vandað úrval Svansmerktra hreinlætisvara, hreinlætispappírs og hreinsiefna.

olis BOLUNGARVÍK
Sími 456 7990 | bolungarvik@olis.is

Bílasala
456 3800
Bílaverkstæði
456 4580



Suðurgötu 9



Boltinn í beinni...

Fimmtudagur 7. mars

kl. 17:50 Steaua - Chelsea
kl. 20:00 Tottenham - Inter

Laugardagur 9. mars

kl. 12:35 Everton - Wigan
kl. 14:45 Arsenal - Everton
kl. 14:53 Reading - A. Villa
kl. 14:53 QPR - Sunderland
kl. 14:53 Newcastle - Stoke
kl. 17:15 Man. City - Barnsley

Sunnudagur 10. mars

kl. 13:50 Millwall - Blackburn
kl. 15:45 Liverpool - Tottenh.
kl. 16:15 Man. Utd. - Chelsea

Þriðjudagur 12. mars

kl. 19:30 Barcelona - Milan
kl. 19:30 Schalke - Galat.

Miðvikudagur 13. mars

kl. 19:30 Bayern - Arsenal
kl. 19:30 Malaga - Porto

Dagar Íslands

7. mars 1975: Flutningaskipið Hvassafell strandaði við Flat-ey á Skjálfanda í hvassviðri og snjókomu. Mannbjörg varð. Skipið náðist af strandstað og var gert við það.

8. mars 1983: Staðfest voru lög um að Ó, Guð vors lands væri þjóðsöngur Íslendinga og að hann væri eign íslensku þjóðarinnar.

10. mars 1986: Fokker flugvél rann úr af flugbraut á Reykjavíkurlugvelli í flugtaki á leið til Patreksfjarðar. Enginn slasaðist.

11. mars 1984: Guðlaugur Friðþórsson, 22 ára stýrimaður, synti í land, um 5 km leið, þegar vélbátnum Hellisey hvolfdi og hann sökk austur af Heimaey. Eftir að í land kom varð Guðlaugur að ganga berfættur til byggða yfir hraun. Afrek hans þótti einstæft. Fjórir fórust.

12. mars 1965: Fyrsta íslenska bítlaplata kom út. Á henni voru tvö lög með Hljómum, *Bláu augin þín* og *Fyrsti kossinn*.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Austan 8-18 m/s, hvassast með suðurströndinni. Yfirleitt úrkomulaust á V-verðu landinu, en annrs él. Frost 0-12 stig.

Horfur á laugardag og sunnudag:

Austan- og norðaustanátt 5-13 m/s. Éljangangur, en þurrt að kalla sunnan- og vestantil. Dregur úr frosti, en frostlaust með suðurströndinni.

Krossgátan

Jón Steingr.	Máls-háttur	Hættir	Sjór	Merki	Ruggar Umgjörð	Karldýr	Sá vondi Maga-fylli
		Ljósker	Hund			Öfug röð	
Máls-háttur				⇒		⇒	
Litur				Ríki			
Atorku			Undar-legt				
Eftir-maður			Slanga				
					Snáða		
					Kona Hest		
Tvíhlj.		Átt		Fyrirbæn			
Ílát		Áhaldið Kona		Lindi			
				Manns Ræktar-land Fiskiorfa			
Dauði	↓	Biðja				↓	Átt
		Flökta					Óðagoti
					Dafnað		
					R.vík		
Stafnum Risann							
Eld							
					Tónn	Tala	
					Sendi-boða	Plöntur	
Ísl.st.		Upp-tökin					Átt
Yfirhöfn						Avítað	Klisja
			Krydd				
			Forfaðir				
Lofaða					Beitu		
					Segja		Kvak
Stafur	⇒						
Birtu				⇒			
				Bika			
				Átt			
Aulana					Tíma-setning		



Geirnaglenn ehf

Trésmíðaverkstæði
Strandgötu 7b
400 Ísafirði
Sími: Þórhallur 848 2087
Sími: Magnús 862 3122
www.geirnaglenn.is



HRADFRYSTIHÚSID-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær niðing sjávarauðlinda



Lausn á síðustu krossgátu

		Jón Steingr.		K		B	S				
		⇒	L	Á	T	T	U	↔	L		
			U	M	A		S	M	Á		
		R		G	A	L	I	N			
	G		Á	K	A	L	L	G	A		
G	L	I	N	G	U	R		L	Á	↕	R
	U	M		A	R	M	A		G	E	
	G		K	L		S	T	O	R	K	A
	G	A	U	L	A		S	K	I	K	K
F	A	R	S	I	N	N		S	P	I	K
	Þ	A	K		S	A	M	I		↕	A
	V		S	S	V		U	N	N	T	
L	O	S		L	Í	K	N	S	E	R	K
	T	Á	L	Á	T	Ö	K		G	U	L
S	T	R	Ú	T	A	R		G	U	F	A
	U	N	I	R	N		R	E	L	L	U
Æ	R	A		A	S	N	A	R		A	F

Sudoku prautilir

1		6			4	9	7	
							3	
				9	3	6		1
8		9	3					
	2			8			6	
					9	2		8
9		7	6	4				
	4							
	8	2	7			5		4

1	8			9		4		
				4				
	6	4			3			
		9			1		5	6
3		1				8		9
6	7		3			1		
			4			9	8	
				1				
		6		8			1	5



Hljómsveitin Æfing við upptökur. F.v.: Jón Ingiberg Guðmundsson, Siggí Björns, Árni Benediktsson, Ásbjörn Þ. Björgvinsson og Halldór Gunnar Pálsson. Ljós.: Guðmundur Jón Sigurðsson.

Fyrsta platan 45 ár á leiðinni

„Jú, það er rétt, okkar fyrsta plata er að koma út eftir 45 ára meðgöngu,“ segir Árni Benediktsson meðlimur í önfirsku ballhljómsveitinni Æfingu sem gerði garðinn frægan á sveitaböllum á árum áður. Hljómsveitin var stofnuð árið 1968 á Flateyri en allir meðlimir sveitarinnar eru þar bornir og barnfæddir. Platan inniheldur 12 lög auk fjögurra aukalaga. „Tíu lög eru eftir Siggá Björns og eitt eftir Erling Óskarsson frá Suðureyri, auk eins tölulags. Textarnir hjá Siggá horfa allir vestur með einum eða öðrum hætti. Þeir snerta lífið á Flateyri,“ segir Árni en auk Árna og Siggá eru meðlimir hljómsveitarinnar þeir Ásbjörn Þ. Björgvinsson, Jón Ingiberg Guðmundsson og Halldór Gunnar Pálsson, sem nýverið bættist í hópinn.

Að sögn Árna verður platan að öllum líkindum gefin út í lok apríl og stefnir hljómsveitin á útgáfutónleika um hvíta-

sunnuhelgina. „Þetta verður alveg hreint svakaleg helgi á Flateyri,“ segir Árni en þá mun hljómsveitin halda þrenna tónleika. „Við troðum upp í félagsheimilinu á föstudagskvöldinu með útgáfutónleikum, en vertarnir á Vagninum halda utan um þá tónleika. Á laugardagskvöldið höldum við uppi stuðinu á Vagninum eins lengi og lög segja til um að megi og á sunnudagskvöldið sláum við upp balli í félagsheimilinu eftir miðnætti.“

Hljómsveitin Æfing hefur lífið spilað undanfarin ár enda eru meðlimir hennar búsettir á víð og dreif um landið og einnig erlendis. „Við höfum komið saman á fimm til tíu ára fresti og spilað í afmælum,“ segir Árni en hljómsveitarmeðlimum þótti rétti tíminn vera nú til að gefa út plötu. „Hún hefur verið í maganum alltof lengi.“

Á dögnum heimsóttu meðlimir hljómsveitarinnar Aðalstein Vilbergsson fyrrum versl-

unareigenda Allabúðar á Flateyri, en hann er búsettur í Keflavík. Eitt lag á plötunni fjallar um Allabúð þar sem drengirnir dvöldu löngum stundum sem börn og þótti þeim við hæfi að lagið yrði frumflutt fyrir Alla. „Allabúð var okkar samkomustaður. Það var fastur þáttur í tilverunni að fara þangað eftir skóla og fá sér kók og súkkulaði. Þar fékkst allt frá haglabyssum til nærþuxna, eins og segir í laginu,“ segir Árni og hlær.

Kristján heitinn Jóhannesson fyrrum sveitarstjóri á Flateyri var einn af upprunalegum meðlimum Æfingar en hann lést fyrir aldur fram árið 2006. Að öðru leyti er meðlimaskipan hljómsveitarinnar óbreytt frá æskuárum piltanna, fyrir utan Halldór Gunnar Pálsson sem leikur með hljómsveitinni á plötunni. Platan var tekin upp að hluta til útgáfustúdíóinu Tankinum við Flateyri af Önundi Pálssyni.

Heyrnartækjapjónusta á Ísafirði

Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður á Ísafirði við heyrnarmælingar, ráðgjöf og sölu heyrnartækja

mánudaginn 11. mars

Mikið úrval af vönduðum og einstaklega nettum heyrnartækjum í ólíkum verðflokkum

Upplýsingar og tímapantanir í síma 568 6880



Glæsibæ | Álfrheimur 74 | 104 Reykjavík | Sími 568 6880 | www.heyrnartækni.is



Betri heyrn Bætt lífsgæði

Komdu og gerðu góð kaup!

Frábært verð á hægindastólum og svefnsófum.



L A Z B O Y®

HINN EINI
SANNI LAZBOY
FÆST NÚ HJÁ
OKKUR!



94.990
FRÁBÆRT VERÐ

L A Z B O Y®

ASPEN La-z-boy stóll. Áklæði í mörgum litum. Einnig til í svörtu, vínrauðu, brúnu eða hvíttu leðri. B:80 D:85 H:102 cm.



144.990
FRÁBÆRT VERÐ

L A Z B O Y®

PINNACLE La-z-boy stóll. Vínrautt, svart, natur eða rúst-rautt leður. B:80 D:85 H:104 cm.

ALICIA Svefnsófi

Verð aðeins **kr. 114.900**



B 163 D 83 H 78 cm. Dýnustærð 147x197 cm. Litir: Rautt, dökkgrátt, grænt, svart og ljósgrátt slitsterkt áklæði.

MILANO

hægindastóll á frábæru tilboði

Verð aðeins
kr. 43.900



NÚ
EINNIG
Í TAU!



LYFTISTÓLL

rafmagnslyftistóll á frábæru verði

Verð aðeins
kr. 99.900



www.betrabak.is

**Betra
BAK**

Leggur grunn að góðum degi

betrabak@betrabak.is
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opð virka daga kl. 12⁰⁰-18⁰⁰
og laugardaga kl 11⁰⁰-13⁰⁰